

FUNDARGERÐ

Nefnd: Framkvæmdanefnd

Efni: Framlagning og afgreiðsla á mati starfa

Viðstaddir: Inga Rún Ólafsdóttir, Berglind Eva Ólafsdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Auður Lilja Erlingsdóttir, Rósa Björk Bergþórsdóttir, Bjarni Bjarnason, Arna Jakobína Björnsdóttir, Ragnar Ólason, Anna Lilja Magnúsdóttir, Árni Egilsson (í síma).

Fundardagur: 8.10.2018

Tími: 11:00 – 11:50

Fundarstaður: Allsherjarbúð, Borgartúni 30

Dagskrá:

I. Afgreiðsla

6000-151 Akureyri: Launafulltrúi IV – Kjölur

- afgreiðslu frestað

1000-24 Kópavogur: Innheimtufulltrúi III / gjaldkeri – SfK

- afgreiðslu frestað

6000-155 Akureyri: Hópstjóri launavinnslu – Kjölur

- afgreiðslu frestað

1400-90 Hafnarfjörður- Verkefnastjóri - Stf. Hfj nýtt mat

- afgreiðslu frestað

6000-154 Akureyri-Hafnarstjóri

- Nýtt mat á starfi: Samþykkt- 747 stig.

747	121	78	65	39	104	10	50	10	52	52	78	78	10
-----	-----	----	----	----	-----	----	----	----	----	----	----	----	----

1000-153 Kópavogur- Þjónustustjóri þjónustuvers

- afgreiðslu frestað

1000-154 Kópavogur- Þjónustufulltrúi á stjórnsýslustigi og staðgengill þjónustustjóra

- afgreiðslu frestað

II. Framlagning

5122.24 Akureyri - Matráður IV

III. Önnur mál

a) Umræða um fyrsta þátt/þekkingu og reynslu í fyrsta áfanga BHM

- Það er skýr krafa frá fulltrúa BHM að framkvæmdanefndin á að taka þá ákvörðun að setja þekkingarkröfuna í 163. Öll sambærileg störf væru þannig metin hjá Reykjavíkurborg ef þessi störf væru þar í starfsmati. Eins eru öll stéttarfélög innan BHM sannfærð um að þessa þekkingarkröfu þurfi til, til að sinna þessum störfum.
- Fulltrúar Sambandsins vilja fá uppfærðar starfslýsingar í tilvikum sem sveitafélög telja ástæðu til að breyta þeim í tengslum við þekkingu og reynslu.
- Stéttarfélagfulltrúar vinni í því að fá starfslýsingarnar uppfærðar.
- Ákveðið að Verkefnastofa starfsmats geri lista yfir þau störf sem um ræðir.
- Fulltrúar Sambandsins munu hafa samband við sveitarfélög og óska eftir því að afstaða verði tekin til þess að uppfæra starfslýsingar.

b) Lögð fram erindi frá Félagsráðgjafafélagi Íslands þar sem lagt er til að starfsheitin sviðstjóri 1 og sviðsstjóri 2 verði tekin út úr starfsmati.

- tillögunni vísað til samstarfsnefndar

c) Rætt um ársfund og lagt til að stefna að honum föstudaginn 16.nóvember, klukkan 9:30. Ákveðið að fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga sendi Verkefnastofu starfsmats upplýsingar um hvaða gögn þurfi frá þeim, frá hvaða tímabili fyrir ársskýrslu.

Fundi slitið: 11:50